

## Fundargerð háskólaráðs

335. fundur mánudaginn 30. september 2013

fundaherbergi 262, Borgum, kl. 13.15 – 15.40.

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 13.15.

Mættir voru auk hans:

Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins

Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins

Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra

Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs

Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs

Hafdís Erna Ásbjarnardóttir fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Bragi Guðmundsson formaður dómnefndar HA

---

Rektor kynnti dagskrá.

### 1. Fundargerð síðasta fundar, mál til kynningar

Fundargerð 333. fundar var samþykkt með breytingum.

Fundargerð 334. fundar biður næsta háskólaráðsfundar.

- Rektor sagði frá því að háskólinn tók á móti Grænfánaviðurkenningunni á Degi íslenskrar náttúru 16. september, fyrstur íslenskra háskóla.
- Þann 20. sept. var nýbygging HA formlega vígð og þá var einnig haldið upp á 20 ára afmæli kennaradeildar. Deildin er til húsa í nýju byggingunni. Hermína lét þess getið að almenn ánægja er í kennaradeild með aðstoð við framkvæmd flutninganna.
- Rektor vonast til að geta gengið frá ráðningu skjalastjóra á allra næstu dögum.
- Kristín Ágústsdóttir hefur verið ráðin markaðs- og kynningarstjóri.

HEA SRS  
HEA  
K.A. S  
HPE

- Skipun dómnefndar HA er komin vel á veg, fulltrúi menntamálaráðuneytis hefur verið tilnefndur. Stefnt er að skipun nefndarinnar á næsta háskólaráðsfundi.
- Rektor sýndi aðgerðaáætlun háskólans fyrir árið 2013 og hvernig einstök mál standa.
- Rektor mælti með að aðalfulltrúar og varafulltrúar í háskólaráði hefðu samband og miðluðu upplýsingum sín á milli til að vera nægilega upplýstir fyrir fundi hverju sinni.

## 2. Rekstraryfirlit janúar-ágúst

1303034

Úlfar dreifði yfirlitinu og útskýrði það. Um er að ræða útgjaldaramma og í einhverjum tilvikum á eftir að færa tekjur á móti kostnaði. Staða kennsludeilda er 70,58% af áætlun. Aðgerðir sem gripið var til á viðskipta- og raunvísindasviði hafa skilað þeim árangri sem stefnt var að. Í heild verður rekstur fræðasviða væntanlega í jafnvægi í árslok. Sama er með rekstur stjórnsýslu/stoðþjónustu. Ýmis verkefni eru samkvæmt áætlun. Staða ofantaldra rekstrareininga samtals er 64,96% af áætlun en viðmiðið er 66,66%. Rekstur stofnana og setra með eigin tekjur er einnig í jafnvægi.

Rektor sagði frá heimsókn fjárlaganefndar í háskólann. Nefndin var fullskipuð og góður tími gafst til að kynna háskólann og svara fyrirspurnum nefndarmanna. Formaður fjárlaganefndar lýsti ánægju sinni með rekstrarstöðu háskólans. Ólafur taldi að á fundinum hefði komið vel fram að Háskólinn á Akureyri gegnir mikilvægu hlutverki meðal íslenskra háskóla.

## 3. Dómnefndarálit, Hermann Óskarsson

1211022

Bragi Guðmundsson kom á fundinn og bauð rektor hann velkominn. Bragi gerði grein fyrir dómnefndarálitinu og svaraði fyrirspurnum. Bragi greindi frá því að dómnefndarálitið er það síðasta sem fráfarandi dómnefnd leggur fram í háskólaráði. Hann hefur setið í dómnefnd síðan 1999 og hefur verið formaður frá ársbyrjun 2008. Þakkaði hann fyrir samskiptin við háskólaráð. Háskólaráð þakkaði Braga fyrir vel unnin störf í þágu háskólans í dómnefndinni. Bragi fór af fundinum.

HEA SRS  
 HA S  
 K.A.  
 LF S

Nokkur umræða varð um dómnefndarálitid og þær kröfur sem gerðar eru til að hljóta framgang til prófessors.

Háskólaráð ákvað að fylgja niðurstöðu dómnefndar, og staðfesti það dómnefndarálitid.

4. Staða forseta hug- og félagsvísindasviðs

1303019

Rektor kynnti niðurstöðu Kristínar Benediktsdóttur sérfr. í stjórnsýslurétti um hæfi rektors til að koma að þessari ráðningu. Niðurstaðan er að rektor er hæfur í málinu.

Rektor hafði í framhaldi af úrskurðinum samband við Ástu Bjarnadóttur hjá Capacent um þau atriði sem háskólaráð óskar eftir að fá fram gegnum ferlið hjá Capacent. Fór hann yfir minnisblað um ferlið og var það rætt. Rektor á von á að Capacent skili greinargerð sinni um umsækjendur í byrjun næstu viku. Háskólaráð verður boðað á fund þegar það liggur fyrir. Eftir það getur rektor lokið málinu.

5. Uglumál, svarbréf rektors/háskólaráðs til starfsmanna

1210006

Rektor fór yfir drög að svari við bréfi 21 starfsmanns HA um innleiðingu Uglunnar, dags. 3. maí 2013. Síðan ályktun háskólaráðs frá 29. maí sl. var send Verkefnisstjórn um samstarf opinberu háskólanna hafa verið haldnir tveir fundir í Verkefnisstjórninni og málinu fylgt eftir þar. Það hefur m.a. borið þann árangur að starfsmaður Reiknistofnunar hefur komið í HA og unnið með starfsfólkinu við að leysa ýmis vandamál og von er á fleiri heimsóknum. Rektor hefur farið fram á að fá tímasetta áætlun um það hvenær lokið verður við að leysa önnur mál sem upp hafa komið í HA og valdið vandræðum. Gat hann þess að mörg vandamál með Ugluna eru sameiginleg öllum háskólunum.

Rektor mun ljúka við bréfið og senda starfsmönnum fyrir hönd háskólaráðs.

6. Skipun staðgengils rektors 2013-2014

"[málsnúmer]"

Rektor mun skipa Sigurð Kristinsson áfram staðgengil rektors uns annað verður ákveðið.

7. Skipun siðnefndar 2013-2015

1301005

HEA  
HG  
K.A.  
W E  
S.

Háskólaráð samþykkti tillögu rektors að skipun siðanefndar 2013-2015. Nefndin er þannig skipuð:

1. *Fulltrúar hug- og félagsvísindasviðs:*

Guðmundur H. Frímannsson prófessor, til vara Sigrún Sveinbjörnsdóttir prófessor

2. *Fulltrúar heilbrigðisvísindasviðs:*

2013-2014 Sara Stefánsdóttir aðjúnt, varaformaður nefndarinnar, til vara Sigfríður Inga Karlsdóttir dósent

2014-2015 Sigfríður Inga Karlsdóttir, til vara Sara Stefánsdóttir

3. *Fulltrúar viðskipta- og raunvísindasviðs:*

Edward H. Huijbens prófessor, formaður nefndarinnar 2013-2014, til vara Hafdís B. Hjálmarsdóttir lektor

4. *Fulltrúar samtaka nemenda:*

Hilmar Einarsson, til vara Ari Brynjólfsson.

Daniel Freyr Jónsson verkefnisstjóri prófa og fjarkennslu er ritari nefndarinnar.

8. Önnur mál

Hermína spurðist fyrir um stöðu máls frá 332. fundi háskólaráðs 26. ágúst, skipun vinnuhóps, sbr. lið 3 í fundargerð, innritun á haustmisseri 2013. Rektor mun fá einn fulltrúa frá hverju fræðasviði og e.t.v. einn utanaðkomandi aðila í starfshópinn. Rætt var um að fela hópnum að skoða þá einnig námsframboð/kynningu á námsframboði í tengslum við kynjahalla meðal nemenda háskólans. Í umræðum um námsframboð kom m.a. fram:

- Að samræða við aðila í atvinnulífi gæti verið gagnleg til að fá hugmyndir um menntunarpörf samfélagsins
- Að nám í stjórnsýslufræðum gæti átt heima í HA
- Að fram er komin tillaga um framhaldsnám í auðlindadeild þar sem byggt yrði að hluta til á námsframboði annarra háskóla m.a. innan UArctic.
- Háskólaráð óskar eftir að fá yfirlit yfir fjölda staðar-fjar-lotunema innan HA í tengslum við þessa umræðu.

Hermína spurðist fyrir um hvort auglýsa ætti stöðu forstöðumans miðstöðvar skólaþróunar. Rektor mun senda forseta hug- og félagsvísindasviðs fyrirspurn um það.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.40

Hafdís Emma Ástjarnardóttir  
Hermína Emma Þorvaldsson  
Kristlín Þóbjörnsdóttir  
Hjálmarsson

Stjórn Háskólans  
Svanhildur Jónsdóttir